



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 31. JANÚAR 2023 // 5. TBL // 45. ÁRG.

Engin upplýst LED skilti í náttúrunni við Reykjanesbraut

■ Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Voga hefur hafnað umsókn um lóð undir LED auglýsingaskilti við Reykjanesbraut.

„Nefndin hafnar erindinu þar sem hún álitur að upplýst skilti í náttúrunni eigi ekki við á þessum stað,“ segir í afgreiðslu skipulagsnefndar.



Málefni íbúa Grindavíkur rædd í Vogum

■ Málefni íbúa Grindavíkur og veiting grunnþjónustu leik- og grunnskóla var tekin fyrir á síðasta fundi fræðslunefndar Sveitarfélagsins Voga.

Bæjarstjóri auk skólastjóra leik- og grunnskóla fóru yfir stöðu mála er snúa að móttöku fólks frá Grindavík og veitingu grunnþjónustu til þess hóps sem hefur þurft að flytja þaðan til annarra sveitarfélaga vegna eldsumbrota í Grindavík og nágrenni.

Ekki krafa um verðmætabjörgun á hamfaratímum

■ Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) gerir engar kröfur til íbúa í Grindavík um að bjarga innbúi og lausafé á meðan ástandið þar er enn ótryggt.



Þó að ekki takist að bjarga innbúi og lausafé vegna mögulegra hamfara mun það ekki hafa áhrif á bótarétt Grindavíkinga gagnvart NTÍ. Þetta kemur fram í tilkynningu frá NTÍ til Grindavíkurbæjar.



Fagna fönninni!

Grindvíkingar safna fyrir börn Lúðvíks

Íbúar í Grindavík ætla að sýna samhug í verki og setja af stað söfnun fyrir börn Lúðvíks Péturssonar sem saknað er síðan 10. janúar er hann féll ofan í sprungu í Grindavík.

Peningurinn sem safnast rennur beint til barna hans. Það hefur verið opnaður bankareikningur fyrir söfnunina í nafni dóttur hans Ástu K. Lúðvíksdóttur. Margt smátt gerir eitt stórt, segir í tilkynningu.

Reikningur: 0123-15-119662
Kennitala: 090499-2039

Fönnin leggst misvel í fólk. Þeir sem eldri eru bölvá snjónum á meðan yngstu kynskóðirnar fagna fönninni. Hér eru þær Hekla Björk, Elma Ísold, Eldey Saga og Saga Björk í sleðaferð með afa sínum sem tók myndina. VF/pket

Himinhátt tilboð í dýpkun í Njarðvík

Eitt tilboð barst í dýpkun hafnar á suðursvæði Njarðvíkurhafnar. Tilboðið var tæplega 205% yfir kostnaðaráætlun. Vegagerðin sem er ráðgjafi Reykjaneshafnar við þessa framkvæmd leggur til að tilboðinu sé hafnað.

Atvinnu- og hafnarráð Reykjanesbæjar samþykkti á síðasta fundi sínum að hafna ofangreindu tilboði. Atvinnu- og hafnarráð felur sviðsstjóra að fara yfir forsendur útbóðsins og koma með tillögu



á framhaldi þess á næsta fundi ráðsins.

Hefja framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 á þessu ári

Framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 hefjast síðla sumars og gætu tekið um það bil ár gangi allt eftir. Jarðvinna verður boðin út í vor vegna lagningu línunnar en 25. janúar sl. staðfesti úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ákvörðun bæjarstjórnar um að veita Landsneti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2.

Suðurnesjalína verður um 20 km löng en að sögn forstjóra Landsnets á að reyna að stytta framkvæmdatímann eins og hægt er svo hægt verði að leggja línuna á rúmu ári. Öflun aðfanga gæti þó tafið framkvæmdir.

Hraunavinir, Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands og Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands kærðu þá ákvörðun bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga frá 30. júní 2023 að veita Landsneti



hf. framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2. Var þess krafist að hin kærða ákvörðun yrði felld úr gildi og jafnframt var gerð krafa um stöðvun framkvæmda meðan málið væri til meðferðar. Kröfunni um stöðvun framkvæmda var hafnað með úrskurði uppkveðnum 28. september 2023.

Í úrskurði nefndarinnar frá 25. janúar sl. kemur fram að nefndin telji ekki þá form- eða efnisannmarka á undirbúningi eða meðferð hinar kærðu ákvörðunar að ógildingunni væri og var kröfu kæranda því hafnað.

Heilsu- & lífsstílsdagur

25. janúar–4. febrúar

Allt að 25% afsláttur af 4.000 heilsu- og lífsstílsvörum og apptilboð á hverjum degi.

nettó

Vísir hefur starfsemi í Helguvík á næstu dögum

Vinnsla á saltfiski fyrir Portúgal

„Það má segja að við séum að fara „back to basics,“ segir Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis hf. í Grindavík en fyrirtækið hefur komið upp vélum í Helguvík og mun vinnsla hefjast von bráðar. Í Grindavík er unninn SPIG fiskur en í Helguvík verður unninn PORT fiskur.

Þetta með að hefja vinnslu í Helguvík, er hugmynd sem áður hefur verið reifuð segir Pétur. „Við verðum alltaf að skoða alla hugsanlega kosti í því umhverfi sem við erum í í dag. Þú getur tekið viðtal við mig á föstudegi og það er orðið úrelt á mánudegi. Á föstudeginum fyrir síðasta eldgos vorum við að skipuleggja að hefja vinnslu í frystihúsinu viku seinna, á laugardeginum var ákveðið að loka bænum í þrjár vikur hið minnsta til að kanna betur sprungusvæðin, og á sunnudagsmorgninum var byrjað að gjósa. Eftir það breyttist veruleikinn eðlilega, það voru mikil áföll sem höfðu dunið á okkur dagana á undan og eldgosid var ákveðinn vendipunktur, þá fengum við kannski bara betri sýn á raunveruleikann. Eftir þetta var ljóst að við værum ekki að fara að vinna í Grindavík á næstu vikum og þurftum því að eiga svör við því og þetta með að hefja vinnslu í Helguvík var einn af þeim möguleikum sem við höfðum skoðað ef til þessa kæmi. Hæg heimantökin því húsnæðið er í eigu Síldarvinnslunnar, móðurfélagi Vísis.“

Sú saltfiskvinnsla sem verður í Helguvík, er öðruvísi en vinnslan í Grindavík og má segja að horft verði til fyrri tíðar þegar vinnsla hefst þar. „Þetta er sú vinnsluáferð sem var mest notuð í fiskvinnsluhúsum í Grindavík og víðar lengst af síðustu öld. Enn



Húsakosturinn í Helguvík.

eru nokkur fyrirtæki á Íslandi sem verka saltfiskinn á þennan hátt. Við munum að mestu nota stóran fisk í þessa vinnslu, en hann verður allur fluttur. Þessi fiskur er best til þess fallinn að þurrka hann og fer mengið af honum til Portúgal. Fiskurinn sem við vinnum í Grindavík er unninn á annan hátt og fer að mestu á Spán, Ítalíu og Grikkland. Við ættum að geta hafið vinnslu á næstu dögum en flatningsvél og aðrar vélar eru komnar til Helguvíkur. Hvar fiskinum verður landað kemur bara í ljós, á þessum tíma ársins er fiskurinn kominn hingað á suðvesturhornið svo hvort skipin okkar landi í Hafnarfirði, í Helguvík eða annars staðar, kemur bara í ljós, það er ekki stóra breytan í þessari jöfnu. Við verðum með um 25 starfsmenn af 150 sem eru í Grindavík í eðlilegu ástandi. Það er gott að geta gripið í þetta þarna en við munum eðlilega fylgjast áfram með framvindunni í Grindavík.“ sagði Pétur að lokum.



Fjölmenur vinnustaður Fríhöfnin hefur verið einn af stærri vinnustöðum á Suðurnesjum í sextíu ár og oft glatt á hjalla. Undanfarin ár hafa yfir 200 manns verið þarf við störf. Hér er gömul mynd úr brottfararverslun Fríhafnarinnar.

Fríhöfnin í hendur einkaaðila innan tveggja ára

Nýr rekstraraðili mun að öllum líkindum taka við rekstri Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli innan tveggja ára. Guðmundur Daði Rúnarsson, framkvæmdastjóri viðskipta og þróunar hjá Isavia segir í viðtali við Viðskiptablaðið að félagið sé að stíga sitt fyrsta ákveðna skref í átt að því að bjóða út Fríhöfnina. Guðmundur Daði segir að Isavia hafi ráðist í forathugun til að sjá hvort ávinningur yrði af því að bjóða verslunarreksturinn út. Í framhaldi hafi verið gerð markaðskönnun síðasta haust sem hafi leitt í ljós að fjárhagslegur ávinningur gæti verið af útbóði.

„Við sáum að það er mikill áhugi meðal aðila á markaðnum að koma að rekstri fríhafnar á Íslandi. Núna erum við að stíga næsta skrefið með forvali til að kanna hvort þessir aðilar uppfylli það hæfi sem við teljum nauðsynlegt og hvort þeir séu tilbúnir að skuldbinda sig til þátttöku í útbóðinu,“ segir Guðmundur Daði í Viðskiptablaðinu og telur að niðurstaða útbóðs myndi liggja fyrir eftir 12 til 18 mánuði.

Í Fríhöfninni starfa nú 125 manns, meðal starfsaldur er rúm sex ár, nær allt fólk sem búsett er á Suðurnesjum. Í sumari er gert ráð fyrir að ráða um 70 manns.

Stór alþjóðleg fyrirtæki eru umsvifamikil í rekstri í flugstöðvum víða um heim. Líklegt er að þau séu í meirihluta þeirra sem sýnt hafi málinu áhuga. Ekki er ólíklegt að slíkir aðilar sjái hag í því að ná fram meiri hagkvæmni með færra starfsfólki og meiri sjálfsafgreiðslu. Það sé í takt við það sem sjá má í flugstöðvum víða um heim.

Guðmundur Daði segir að búist sé við verulegri fjölgun farþega á næstu 2-4 árum og þeir sem fari í gegnum Keflavíkurflugvöll verði kominn yfir tíu milljónir á þeim tíma. „Við erum þá orðin mjög

eftirsóknarverður kostur fyrir stærri rekstraraðila. Það er nánast óþekkt að flugvellir í þessum stærðarflokki standi sjálfir í þessari starfsemi,“ segir hann en nýlega tók alþjóðlegur aðili við flugeldhúsi Icelandair á Keflavíkurflugvelli.

Rekstur Fríhafnarinnar hefur skilað drjúgum tekjum í ríkissjóð í áratugi. Ársveltan 2022 nam 12,3 milljörðum og hagnaðurinn 685 milljónir. Farþegaþjónun 2023 var um 26% og því ljóst að aukningin frá 2022 hefur verið um 3-4 milljarðar. Fríhöfnin hefur rekið verslanir í brottfarar- og komusal en einnig smærri verslunar fyrir tengifarþega sem ferðast utan Schengen-svæðisins. Stækkun á komuverzlun Fríhafnarinnar hefur staðið yfir og er langt komin en hún mun þá verða nærri tvö þúsund fermetrar.

Fríhöfnin lögð niður

Guðjón Helgason, upplýsingafultrúi Isavia, segir í svari til Víkurfrétta að leiði það ferli sem nú er hafið til tilboða í rekstur fríhafnarverslunar á Keflavíkurflugvelli sem uppfylla væntingar, er fyrirhugað að gera samning við þann aðila sem verður með besta tilboði. Verði það niðurstaðan er ljóst að starfsemi Fríhafnarinnar, dótturfélags Isavia, yrði lögð niður.

„Hjá Fríhöfninni starfar öflugur hópur fólks með ýmis konar sérhæfingu við störf í fríhafnarverslun á alþjóðaflugvelli. Það verður því vafalaust eftirsóttur starfskraftur fyrir rekstraraðila á vellinum.“

Við hjá Isavia gerum síðan ráð fyrir að í vinnuréttarlegu tilliti gildi fyrir Fríhöfnina lög nr. 72/2002 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Það þýði að starfsfólk sem færast milli rekstraraðila haldi réttindum sínum samkvæmt núverandi ráðningarsamningum.

Hvenær má eiga von á næstu tíðindum varðandi þennan möguleika, s.s. útbóðinu á rekstrinum?

Núna er verið að stíga næsta skrefið sem er að kanna hvort áhugasamir aðilar uppfylli það hæfi sem við teljum nauðsynlegt og hvort þeir séu tilbúnir til að skuldbinda sig til þátttöku í útbóðinu. Að því loknu verður gengið frá endanlegum útbóðsgögnum. Niðurstaða útbóðs gæti síðan legið fyrir í lok þessa árs.



Tímamót við opnun Leifsstöðvar 1987

Saga Fríhafnarinnar er um margt merkileg og þar hefur margt Suðurnesjafólk starfað allt frá upphafsárunum í gömlu flugstöðinni til dagsins í dag eða í rúmlega sextíu ár.

Á heimsíðu Fríhafnarinnar má sjá áhugaverðar upplýsingar um verslunina og þar segir m.a.:

„Á árunum 1951-1957 var mikil aukning á flugi um Keflavíkurflugvöll, einkum þó árið 1956. Þann 23. maí 1958 voru samþykkt á Alþingi lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak og fleira á Keflavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi. Var fríhafnarverslunin opnuð í litilli

flugstöðvarbyggingu 15. september sama ár með það fyrir augum að afla gjaldeyrstekna af millilanda-farþegum sem ekki höfðu frekari viðdvöl hér á landi. Í ársbyrjun 1970 var svo samþykkt á Alþingi breyting á lögum um tollvörugæmslur, er heimilaði uppsetningu komuverzlunar við fríhöfnina og tók sú verslun til starfa í maí sama ár. Í fyrstu var um að ræða mjög lítið fyrirtæki en það hefur vaxið mjög allt frá stofnun og hefur vöxturinn haldist í hendur við aukningu utanlandsferða Íslendinga.

Árið 1987 urðu tímamót í sögu Fríhafnarinnar er Leifsstöð var tekin í notkun. Glæsileg um-

gjörð var sköpuð í kring um stórbætta þjónustu og aukið vöruval. Ekki stóð á viðtökunum, því sala í Fríhöfninni jókst um meira en helming frá árinu áður.

Fríhöfnin hefur frá upphafi verið í eigu ríkisins, en á síðustu miss-erum hafa ýmsir þjónustuhættir færst yfir á hendur einkaaðila. Á árinu 1998 fjölgaði verslunum á brottfararsvæðinu þegar ný rými voru tekin í notkun. Fram að þeim tíma voru reknar tvær verslanir, hefðbundin fríhöfn og verslun með íslenskar vörur. Við bættust verslanir með kvenfatnað, íþróttavörur, herrafatnað, gleraugu, úr og skartgrip, og gjafavörur. Auk þess var þjónusta á sviði gjaldeyrisviðskipta aukin, meiriháttar breytingar gerðar á veitingarþjónustu og umsvif aukin.

Í upphafi árs 2005 varð breyting á rekstrarformi Fríhafnarinnar þar sem ákveðið var að stofna dótturfélag um verslunarrekstur FLE hf. Fríhafnarverslunin var þar með aðskilin rekstri FLE, bæði stjórnunar- og rekstrarlega.

Í lok pistils um söguna kemur fram að starfsmenn séu um 210 og hundrað fleiri yfir sumartímann.

Allt hreint
Umhverfissvöltuð rástingarpjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK




EININGAVERKSMIÐJAN

ÓSKAR OS EIGNUM TIL HAMINGJU MEÐ
NÝTT HVERFI SEM RÍS NÚ HRATT Í INNRI-NJARÐVÍK

DALSHVERFI III

REYKJANESBÆR



146 fjölbreyttar íbúðir frá 55-120 m²
Afhending fyrstu íbúða áætluð
fyrir árslok 2024



Fylgstu með á
dalshverfi.is

oseignir.is



Vel hefur tekist til við innréttingar staðarins og verslunarinnar.



Hjónin Kristinn og Drífa Dan eru eigendur public deli.

Vegurinn að heiman er vegurinn heim

■ Keflvíkingurinn Kristinn Skúlason opnar veitingastað og verslun undir sama þaki á Ásbrú.

„Það eru mörg tækifæri á Ásbrú og nágrenni og við erum að mæta með nýjungar sem ég er hjartsýnn á að fá góðar viðtökur,“ segir Kristinn Skúlason en hann og Drífa Dan kona hans munu opna 1. febrúar nýjan veitingastað og verslun sem ber nafnið *public deli*, á kunnulegum stað eða þar sem veitingastaðurinn Langbest var síðast til húsa.

public deli er hugmynd sem hefur blundað í þeim hjónum í mörg ár og láta nú drauminn rætast. Kristinn segir þessa hugmyndafræði hafa verið að ryðja sér til rúms á Norðurlöndum og í Evrópu þar sem þjónusta á sviði veitingareksturs og matvöru er sameinuð á einum stað. Stefna *public deli* sé að létta viðskiptavinum lífið með einföldum lausnum og bragðgóðum mat.

„Við getum sagt að þetta sé númtíma hverfisverslun en hún hefur verið að þróast á undanförunum árum. Við munum opna verslunina klukkan átta á morgnana en veitingastaðurinn opnar kl. 11 og svo er opið á báðum stöðum til kl. 21 á kvöldin. Við bjóðum uppá einfaldar og fljótlegar lausnir fyrir alla okkar viðskiptavini til að auðvelda þeim lífið. Þá verður einnig hægt að grípa með sér matvöru, bæði úr verslun og af veitingastað í „grab&go“. Sérstaða veitingarstaðarins er hinn viðfrægi björkjúklingur sem er eldaður á grind og er tilvalinn fyrir nokkra að borða saman. Hægt verður að kaupa hann af matseðli og í „grab&go“. Þá verða í boði ljúffengar hollustuvefjur, salöt og aðrir réttir eins og pítsur, hamborgarar, fiskur og franskar og fleira. Um helgar er hugmyndin að bjóða upp á bröns, þannig að þetta verður fjölbreytt og gott.“



Björkjúklingurinn góði.

Aftur heim

Kristinn hefur alla tíð frá því hann flutti til höfuðborgarinnar fylgst vel með þróun mála í sínum gamla heimabæ og haldið tengslum við ættingja og gamla skólafélaga. Nú er hann kominn með annan fótinn aftur heim. „Er ekki sagt að hver vegur að heiman sé vegurinn heim,“ segir Kristinn kíminn en hann steig sín fyrstu skref í hverfisverslun foreldra sinna, Skúlábúð, sem var í marga áratugi við Lyngholt í Keflavík. „Ég byrjaði snemma að hjálpa til í búðinni hjá pabba og mömmu. Svo ætlaði ég nú að verða rakari og var á leiðinni á samning á stofu í Reykjavík þegar ég kynntist stelpu sem síðar varð eiginkona mín,“ segir Kristinn og brosir þegar hann rifjar þetta upp.

Kristinn tengdist þannig verslunarbræðrum kennda við verslunina Viði en þangað lá leið hans ungur að árum, síðar vann hann um tíma í Nóatúni þangað til hann fór til Krónunnar, þar sem hann stýrði uppbyggingu í um tvo áratugi. Kristinn var áberandi í störfum þessarar stóru matvöruverslunarkæðju en eftir að hann hætti störfum þar fyrir um tveimur árum starfaði hann um tíma hjá keflvískum vini sínum sem setti upp flugeldhús í gamla „messanum“ á Ásbrú en húsnæði *public deli* er rétt hjá. Þá kviknaði hugmyndin sem Kristinn hefur haft í huga sínum um nokkurn tíma.

Undirbúningur að fyrirtækinu hefur staðið yfir í um hálf tveimur árum og verið nokkuð lengri en til stóð. Kristinn segir að vel hafi gengið að fá starfsfólk og mikill fjöldi hafi sótt um sem kom honum skemmtilega á óvart.

Vöxtur á Ásbrú

„Nú er komið að opnun og ég vona að Suðurnesjamenn og aðrir verði ánægðir með þessa nýjung. Þessa mánuði sem ég hef verið hér við undirbúning hef ég séð að það er mikil hreyfing á svæðinu, hér er fjöldi íbúa á Ásbrú og þá sér maður mikið af ferðafólki af hótélum að sækja og skila bílaleigubílum, þannig að þetta leggst bara mjög vel í mig hlakka mikið til,“ sagði Kristinn, eða Kiddi Skúla eins og hann er jafnan kallaður.



Páll Ketilsson
pket@vf.is

20 ára afmæli DÝRALÆKNASTOFU SUÐURNESJA

Af því tilefni er
20%
afsláttur af öllu fóðri
vikuna 29. janúar
til 3. febrúar.



DÝRALÆKNASTOFA
SUÐURNESJA

ÖFLUGIR VARTA RAFGEYMAR



Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

Bilanaust
Hafnargötu 52,
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14

Bilanaust
FYRIR FÓLK
Á FERÐINI



Fjölmargir gestir voru í opunarhófi sem haldið var 30. janúar, m.a. færði Kjartan Már bæjarstjóri Kidda Skúla blómvönd.



ÞÚ FINNUR ALLAR
NÝJUSTU FRÉTTIRNAR
FRÁ SUÐURNESJUM Á

vf.is

ÁTT ÞÚ FASTEIGN FYRIR ÍBÚA GRINDAVÍKUR?

Óskað er eftir fasteignum til tímabundinnar leigu fyrir íbúa Grindavíkur, sérstök vöntun er á eignum á Suðurnesjum.

Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE) auglýsir eftir fasteignum til leigu fyrir íbúa Grindavíkur til tímabundinnar búsetu. Eignirnar þurfa að vera lausar og tilbúnar til notkunar sem fyrst og til leigu í að minnsta kosti þrjá mánuði.

Óskað er eftir íbúðum, hæðum og sérbýli. Eignirnar verða auglýstar til leigu á leigutorgi sem eingöngu er ætlað fólki með lögheimili í Grindavík. Samningar um leigu húsnæðis verða gerðir á milli íbúa og eigenda, án aðkomu opinberra aðila.

Nánari upplýsingar og skráning eigna á: island.is/grindavik



 FSRE



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



V É L A V Ö R Ð U R A B M A P
 S I M Ý R D N A S R U M R O G
 I J K S É P Ó J T S K B R R S
 I G T A R S B G J K T R N G U
 N R A G N I F Æ Ð I A J Ú E S
 R U G N Q T E N S B U S R L R
 A T L A R A Ð Á L Ú Ð P U T U
 V S S S M I L Ó F G U F G Ó K
 A K A T Ó G T A S A R H Ö N S
 N O G U Ð G R U M R O T S A I
 N M S N U Æ Ú I Ð Ó K R Q R F
 A Ó H D B Í E T H T G S G A T
 M J Ó L K U R V Ö R U R S A L
 L N G S R U G N I N N E M L A
 A S B E L G S R U T A M R Ú S

ÞORRABLÓT
 ALMANNAVARNIR
 SALT FISKUR
 ORKÓÐI
 ÓÁNÆGJA
 ÆFINGAR
 SNJÓMOKSTUR
 SÚRMATUR
 MJÓLKURVÖRUR
 ORGELTÓNAR

STORMUR
 VÉLAVÖRÐUR
 SAGNASTUND
 AUÐUR
 AKA
 ALMENNINGUR
 RASA
 FÆÐI
 GORMUR
 SÖGUR

Gangi þér vel!



VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á timarit.is

Bílaviðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn
 Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
 HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS
 HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF



Frá sagnastund á Garðskaga síðasta laugardag. Stundirnar eru að jafnaði haldnar einu sinni í mánuði. VF/Hilmar Bragi

Ræddi Sviðaslysið á sagnastund

SUÐURNESJABÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
 hilmar@vf.is



Fyrsta sagnastund ársins á Garðskaga fór fram síðasta laugardag á veitingahúsinu Röstinni á Garðskaga. Þangað kom Egill Þórðarson loftskýtamaður og sagði frá Sviðaslysinu, þegar togarinn Sviði frá Hafnarfirði fórst á Breiðafirði 2. desember 1941.

„Tuttugu og fimm hraustir sjómenn hafa farizt, fjörutíu og sex börn



Egill Þórðarson hefur lagst í miklar rannsóknir á Sviðaslysinu.

hafa orðið föðurlaus og fjórtán konur ekkjur, foreldrar hafa misst

syni sína og ungar konur unnusta sína. Íslenska þjóðin hefir misst ágæta þegna, tjónið verður aldrei bætt að fullu,“ sagði í fréttum frá þessum tíma. Í fréttum í desember 1941 var líka sagt frá því að árið væri orðið eitt mesta mannskaðarár í sögu landsins til sjávarins en 132 sjómenn höfðu farist þetta ár. Egill hefur lagst í miklar rannsóknir á Sviðaslysinu og vann m.a. að sýningu sem sett var upp í Hafnarfjarðarkirkju um slysið. Dagskrá sagnastunda á Garðskaga fram á vorið er í mótun en framundan eru m.a. erindi í febrúar og mars sem þeir Friðþór Eydal og Konráð Lúðvíksson munu flytja.



Vísir flytur saltfiskvinnslulínu til Helguvíkur

Þegar þessi pistill kemur þá er janúarmánuður svo til liðinn og heilt yfir þá má segja janúar hafi verið nokkuð góður aflalega séð. Reyndar núna, þegar þessi pistill er skrifaður, er búin að vera nokkur brælutíð og bátar lítið komist á sjóinn.

Ég ætla reyndar að byrja í Helguvík því að Vísir í Grindavík hefur ákveðið að færa eina saltfiskvinnslulínu sína úr Grindavík til Helguvíkur. Í Grindavík hefur Vísir verið með þrjár saltfiskvinnslulínur en vegna þeirra atburða sem hafa verið að gerast í Grindavík upp á síðkastið var ákveðið að setja eina línu í Helguvík.

Húsnæðið sem Vísir mun nota hefur staðið svo til ónotað í nokkur ár, eða frá því að Síldarvinnslan ákvað að loka loðnu-bræðslunni þar árið 2018. Saltver hafði þar á undan verið þar að flokka loðnu sem síðan var fryst í húsnæði Saltvers í Njarðvík. Þetta mun væntanlega þýða að línu-bátar og togari Vísir munu fara að landa í Helguvík, sem er hluti af Reykjaneshöfnum.

Talandi um báta Vísir þá hefur Sighvatur GK landað 462 tonnnum í þremur róðrum og mest 160 tonnnum í einum róðri, Páll Jónsson GK 434 tonn í þremur og mest 184 tonn í einni löndun og togarinn Jóhanna Gísladóttir GK með 400 tonn í fimm löndunum og mest 90 tonn. Athyglisvert að sjá hversu mikið meira lestarými línubátarnir hafa miðað við togarann. Aðrir línubátar eru t.d. Valdimar GK með 497 tonn í sjö löndunum og mest 103 tonn í einni löndun. Af minni bátunum



er Margrét GK hæst með 170 tonn í fjórtán róðrum, öllu landað í Sandgerði, Gísli Súrsson GK 144 tonn í fjórtán í Ólafsvík, Auður Vésteins SU 112 tonn í einum, líka þar, Óli á Stað GK 78 tonn í níu, Daðey GK 72 tonn í sjö, Dúddi Gísla GK 71 tonn í sjö og Hulda GK 68 tonn í níu löndunum. Þessir fjórir bátar voru að landa í Sandgerði.

Netaveiðin er búinn að vera nokkuð góð. Erling KE með 171 tonn í sextán róðrum og af því var 46 tonnnum landað í Sandgerði, restinni í Njarðvík. Friðrik Sigurðsson ÁR 132 tonn í tuttugu, Addi Afi GK 29 tonn í níu og Sunna Líf GK 23 tonn í níu róðrum.

Hjá dragnótabátunum er Sigur-fari GK með 115 tonn í níu, Siggi Bjarna GK 106 tonn í níu og Benni Sæm GK 89 tonn í átta róðrum. Aðalbjörg RE er síðan komin á veiðar og er með 25 tonn í þremur, fyrst landað í Reykjavík en kom síðan til Sandgerðis. Aðalbjörg RE hefur verið að veiðum

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



inni í Faxaflóanum og er að eltaf við kola þar.

Maggý VE er ekki komin á veiðar en það fer örugglega að stytast í bátinn því hann á rúmlega 300 tonna kvóta óveiddan en undanfarin ár hefur Karl Ólafsson, sem lengi var með Haförn KE og Örn KE, verið skipstjóri á Maggý VE.

Að lokum langar mig að koma aðeins inn á föður minn, Reyni Sveinsson, sem lést 21. janúar síðastliðinn. Jarðarförin verður í Sandgerðiskirkju þann 1. febrúar kl. 14:00. Vegna þess að Byggðavegurinn er lokaður þá þarf að aka inn í Sandgerði og beygja til hægri við sundlaugina og aka Suðurgötuna alla leið á enda og beygja þar til hægri inn Austurgötuna. Þar við endann er hringtorg og bílastæði eru meðal annars á bak við kirkjuna þar sem tjaldstæðið er.

Ert þú að leita
að sumarstarfi?



Icelandair leitar að öflugu
fólki til starfa í vor, með
möguleika á framhaldi

Hlaðdeild – hleðsla og afhleðsla á farangri og frakt
Prif og öryggisleit – um borð í flugvélum

Stefna Icelandair er að stuðla að jafnrétti og fjölbreytileika
á meðal starfsfólks og hvetur einstaklinga af öllum kynjum
til að sækja um. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar.

Nánari upplýsingar um störfin eru á
icelandair.com/is/um-okkur/storf-i-bodi/

Vilt þú vera með?



Lína í eldhúsinu á Garðvangi í Garði.



Í setustofunni á Garðvangi.

Slæmur aðbúnaður Grindvíkinga í Garðvangi

■ Rúmlega 30 herbergi deila fjórum eldavélum og einu sjónvarpi. ■ Búin að sækja um íbúðir út um allt en fær engin svör.

„Okkur finnst við vera svo afskipt úti í Garðvangi, við fáum engin svör,“ segir Kristólína Þorláksdóttir, Grindvíkingur sem búin hefur á Garðvangi í Garði síðan náttúruhamfarirnar áttu sér stað í Grindavík 10. nóvember. Fjölskyldan flutti aftur til Grindavíkur í upphafi árs en þurfti svo aftur að rýma heimilið sitt þegar síðasta eldgos varð 14. janúar. Aftur var ekkert annað í boði en Garðvangur, sem upprunalega var byggt sem verbúð, hefur lengst af verið hjúkrunarheimili en svo tók Vinnuálastofnun húsnæðið á leigu fyrir hælisleitendur af erlendum uppruna. Við hamfarirnar í Grindavík var húsnæðið rýmt fyrir Grindvíkinga.

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Kristólína eða Lína í Vík, eins og hún er sjálfsagt betur þekkt í Grindavík, hefur ekkert nema gott um Garðvang að segja, þ.e.a.s. sem bráðabirgðahúsnæði en eftir u.þ.b. tveggja mánaða búsetu, vill hún komast í eigið húsnæði.

„Ég veit að það er erfitt að útvega húsnæði fyrir alla og ég gat alveg sætt mig við þetta tímabundið en það er ekki hægt að bjóða einum né neinum upp á þetta til lengri tíma lítið. Þetta er orðinn mjög mikill fjöldi og aðstaðan er lítil sem engin. Það er eitt eldhús með fjórum eldavélum en við komumst aldrei að til að elda okkar mat, þarna er fólk frá nokkrum löndum og þau elda hvenær sem

er sólarhringsins og taka pottana með sér inn á herbergin sín. Það er eitt sjónvarp í setustofunni og þar getum við horft á RÚV og búin. Ég er búin að hringja marg oft í þjónustumiðstöðina og óska

eftir félagsráðgjafa, það var talað um að það ætti að koma félagsráðgjafi einu sinni í viku. Við höfum fengið tvær heimsóknir á þessum rúmu tveimur mánuðum. Það er alveg sama hvað maður hringir, ég fæ engin svör. Það var hægt að sætta sig við þetta fyrstu dagana og vikurnar, þá vorum við kannski um fimmtán talsins en það kemur nánast nýtt fólk á hverjum degi núna og þetta er orðið fullt, þetta er ekki nokkrum manni bjóðandi. Það eru þrjú salerni og tvær sturtur, sem ég veit ekki hve mörg herbergi þurfa að deila og það eru oft fleiri en tveir á hverju herbergi. Hvert



Gústi, Gvendur og Lína.



Gústi á herbergi sínu á Garðvangi.

herbergi er með vask en vatnið sem kemur úr krönnunum er svo mórætt að það er engum manni bjóðandi.“

Engin svör

Lína segist vera búin að sækja um íbúðir út um allt en fær engin svör, það finnst henni verst. „Jú, ég hef fengið svör frá þessum fasteignafélögum, vegna þess að ég er ekki lengur að borga í lífeyrissjóð, á ég ekki rétt á að leigja íbúð? Við hjónin erum komin á ellilífeyrisaldur og getum þess vegna ekki fengið leigða íbúð. Til hvers var maður að borga í þennan lífeyrissjóð alla sína hunds- og kattatíð? Við erum búin að gefast upp en sem betur fer var Sigrún Harpa, barnabarnið okkar, að fá þriggja herbergja íbúð í Vogum og hún ætlar að láta okkur fá eitt herbergi en þetta getur ekki verið nema bara til bráðabirgða, það sér hver heilvita maður. Ég hef ekki náð einum löngum og góðum nætur-svefni allan þennan tíma, Pólverjarnir eru komnir snemma á fætur og kalla gangana á milli svo það er enginn svefnfríður. Ég vil alls ekki setja út á þessa útlendinga, þetta er gott fólk og allt það og þetta er líka erfitt fyrir þau. Þau tala bara ekki tungumálið okkar, þau eiga ekki samskipti við neina og þau eru bara einangruð inni á herbergjunum sínum. Þetta fólk kann ekki að biðja um hjálp, okkur er sagt að fara inn í tollhús en við getum ekki keyrt til Reykjavíkur, þetta er bara alveg ömurlegt ástand,“ segir Lína.

Vilja vera á Suðurnesjunum

Allir Grindvíkingarnir á Garðvangi eru á forræði Grindavíkurbæjar, þess vegna hefur félagsþjónustan í Suðurnesjabæ ekkert getað hjálpað til en presturinn frá Útskálaprestakalli, Sigurður Grétar Sigurðsson, kom tvisvar sinnum í heimsókn en Lína segist ekkert hafa fengið frá félagsþjónustunni í Grindavík. „Það kom aðili og setti upp jólatré og tók svo niður, annars höfum við ekkert fengið. Við höfum enga sál-ræna né aðra aðstoð fengið. Svo finnst okkur dapurlegt að heyra að það virðist ekki jafnt yfir alla

ganga. Sonur okkar fór í tollhúsið um daginn, var að biðja um aðstoð varðandi húsnæði og talaði við konu sem hafði verið úthlutað íbúð í Hveragerði en íbúðin var ekki með uppþvottavél og því fékk hún aðra íbúð. Þetta finnst okkur ekki sanngjarnt, þessi sonur okkar er félagi í Sjómann- og vélstjórafélagi Grindavíkur en félagsmenn þar geta einhverja hluta vegna ekki sótt um íbúðir hjá fasteignafélaginu Bjargi.

Verst af öllu finnst mér að vera ekki svarað. Ég hef sótt um ótal íbúðir, hef ekki einu sinni fengið svar um að viðkomandi íbúð sé farin. Ég hringdi inn í tollhús, það var tekið niður nafn og símanúmer, ekkert hringt til baka, þetta finnst mér verst af öllu. Ég hef alltaf verið lífsglöd og kát en í fyrsta skipti á ævinni finn ég fyrir kvíða og þunglyndi. Þetta er ekkert líf, ég hef ekki getað eldað mat fyrir okkur, við horfum á fréttirnar og svo förum við inn á herbergi og horfum þar á veggina. Ég skil bara ekki að ríkið skuli ekki kaupa allar þær fjölmörgu íbúðir sem eru tilbúnar eða eru á byggingarstigi, það verður að fara sýna okkur einhverja leið út úr þessum vítahring sem við erum í. Við erum með fjárbúskap, sem betur fer gátum við komið rollunum okkar fyrir í hesthúsa-hverfinu í Keflavík, við erum afskaplega þakklát fyrir að geta haft þær þar í bili. Við vorum komin með allt féð heim um jólin og blessunarlega gat fólk frá björgunarsveitinni okkar í Grindavík farið og gefið fénu þegar við máttum ekki fara inn í bæinn. Ef draumar okkar rætast, fáum við íbúð hér á Suðurnesjunum, hér viljum við vera. Mest af öllu viljum við bara fá svör,“ sagði Lína að lokum.



Svona er eitt af baðherbergjunum.

LÖGREGLUMENN Í SUMARAFLEYSINGAR

Við embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum eru lausar til umsóknar stöður lögreglumanna í sumarafleysingar. Gert er ráð fyrir að lögreglustjóri setji í stöðurnar frá og með 27. maí 2024.

Hjá embættinu starfa um 215 manns í ólíkum og krefjandi störfum. Í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum er Keflavíkurflugvöllur sem gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu almannaflygs á Íslandi og tengir landið við Evrópu og Norður-Ameríku. Í fjölmennu liði lögreglunnar á Suðurnesjum býr mikill þróttur og góð þekking.

Helstu verkefni og ábyrgð

Almennar upplýsingar um verkswið og ábyrgð lögreglumanns má finna í 11. gr. reglugerðar nr.1051/2006, um starfsstig innan lögreglunnar. Meðal verkefna lögreglumanns er að halda uppi lögum og reglu í samræmi við lög, reglur og fyrirmæli sem honum eru gefin.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar. Umsækjandi þarf að standast bakgrunnsskoðun flugverndar með jákvæðri umsögn. Lögreglustjóri mun nýta sér heimild lögreglulaga til að ráða starfsmenn sem hafa ekki lokið prófi frá lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k.120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnámi á vegum lögreglunnar, að því gefnu að ekki fái stöðluð fjöldi menntaðra lögreglumanna í lausar stöður

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Landssamband lögreglumanna hafa gert.

Starfið er vaktavinna.

Athygli umsækjenda er vakin á heimild til að skoða sakaferil umsækjenda um starf í lögreglu en samkvæmt 28. gr. a lögreglulaga nr. 90/1996 er mælt fyrir

um að engan megi skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið með því að smella á hlekkinn hér að neðan og láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja með sem viðhengi.

Einungis er tekið við umsóknum með þessum hætti. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Varðandi persónuverndarákvæði gagnvart umsækjendum, sjá vef lögreglunnar:

<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2020/04/Persónuverndaryfirlýsing-tilumsækjenda.pdf>

Auglýsing þessi gildir í 6 mánuði, sbr. ákvæði 3. tl. 2. mgr. 2. gr. reglna nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2024

Nánari upplýsingar veitir

Kristín Þórdís Þorgilsdóttir, ktt01@logreglan.is, sími: 4442200



Lögrelustjórinn á Suðurnesjum

Brekkustíg 39 - 260 Reykjanesbæ - Sími 444 2200

Óheppinn útskriftarárgangur í Grindavík

Krakkarnir í útskriftarárgangi Grunnskóla Grindavíkur verða seint sakaðir um að hafa haft lukkuðisirnar með sér þegar kemur að skemmtilegum tímamótum á skólagöngu þeirra. Upp er komin staða sem setur sjálfa útskriftarferðina í vor, í óvissu. Nokkrir foreldrar barna í hópnum, hafa tekið af skarið og ætla sér að láta ferðina til Kaupmannahafnar verða að veruleika.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

„Síðasta skólaárið fer að líða undir lok hjá tíunda bekk Grunnskóla Grindavíkur, ástandið er hreint ekki eins og það ætti að vera en ég get fullrytt að allir eru að gera sitt besta til þess að koma til móts við unglingana á þessum, já forðæmalasu tímum. Ég held að það þurfi að leita lengi eftir óheppnari árgangi en þeim sem stefnir á útskrift úr Grunnskóla Grindavíkur í haust var tekin ákvörðun um að lokaferðalag tíunda bekkjar, yrði heimsókn til Kaupmannahafnar þar sem að flest allar ferðir hafa farið úrskeiðis. Í dag er staðan þó þannig að fjáröflun ferðarinnar hefur farið skelfilega úrskeiðis

Líkt og í mörgum öðrum skólum tíðkast það að nemendur Grunnskóla Grindavíkur fari í skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði, 2008 árganginum tókst það hins ekki vegna Covid-19 faraldursins. Það var brugðið á það ráð að fara í skólabúðir á Laugarvatni í níunda bekk en tveimur vikum áður en til þeirrar ferðar átti að koma var búðunum lokað vegna myglu í húsnæði skólans og af þeirri ferð varð ekki. Lokaferð níunda bekkjar var því lengd um sólarhring og var stefnan sett á ferðalag um Suðurlandið með alls konar afþreyingu og viðkomu í Vestmannaeyjum, en vegna veðurs var ferðin til Eyja slegin af og í staðinn ráfuðu börnin um miðbæinn á Selfossi.

Pizzuveisla frá Papas á litlu jóluunum í tíunda bekk varð ekki að veruleika þar sem að litlu jólin voru haldin á höfuðborgarsvæðinu í stað Grindavíkur.

Það er ljóst að ekki verður kveikt á blysum á Ásabrautinni þegar rútan keyrir þau úr árshátíðarkvöldverðinum á síðasta árshátíðarballið þeirra. Það er því óhætt að segja að allt sem börnin hafa beðið eftir, verði í allt öðruvísi formi en verið hefur.

Börnin eru að leggja lokahönd á fjáröflun lokaferðalagsins en í haust var tekin ákvörðun um að lokaferðalag tíunda bekkjar, yrði heimsókn til Kaupmannahafnar þar sem að flest allar ferðir hafa farið úrskeiðis. Í dag er staðan þó þannig að fjáröflun ferðarinnar hefur farið skelfilega úrskeiðis



þar sem aðeins ein fjáröflun af nokkrum hefur farið fram.“

Eva hélt áfram. „Í september var farið í fyrstu fjáröflunina, sem var sala á lakkris. Fjölskyldur tíunda bekkjanna eru langt frá því að vera í þeirri stöðu að geta staðið á bak við fjáraflanir í því ástandi sem við erum í núna, tvístruð um allt og stuðningsnetið dreift í mörg bæjarfélög. Það að koma út vörum tengdum fjáröflunum er eitthvað sem er erfitt að leggja á grindvískar fjölskyldur í dag, ofan á allt skutlið sem hefur bæst inn í dagana okkar nú þegar. Ég er samt alveg viss um að jólasokkar, klósettpappír, frosnar pizzakúllur og fleira sniðugt hefði slegið í gegn hjá fjölskyldum okkar og vinum.

Nemendurnir í tíunda bekk vinna nú hörðum höndum að útgáfu skólablaðsins en ekki verður

gengið í fyrirtæki í Grindavík þetta árið og safnað styrktarlínunum í blaðið sem og happdrættisvinnungum fyrir tíunda bekkjar happdrættið sem á fastan sess í samfélaginu okkar heima í Grindavík.

Mig langaði því til að athuga hvort einhverjir hér á Facebook séu til í að aðstoða okkur foreldra tíunda bekkjanna í Grunnskóla Grindavíkur, við að óska eftir styrkjum frá fyrirtækjum, því öll vitum við að margt smátt gerir eitt stórt. Okkur langar svo mikið til að hjálpa þeim við að fylla skólablaðið af styrktarlínunum/auglýsingum og safna frábærum vinningum í happdrættið þeirra, þannig að þau geti selt fleiri happdrættismiða.

Með því að deila þessum pistli trúum við því að við náum til nógu margra fyrirtækja svo að börnin okkar komist öll með í útskriftar-

ferð Grunnskóla Grindavíkur, einnig væri æðislegt að ef þið þekkið til fyrirtækja sem gætu verið líkleg til að styrkja hópinn, þið gætuð laumað að okkur nöfnum á fyrirtækjum eða taggað þau hér fyrir neðan.

Fyrir hönd foreldra 2008 árgangs grindvískra barna, skrifaði Eva Lind í lok pistils síns.

Uppfært:

Vegna fjölda fyrirspurna hefur verið tekin ákvörðun að einnig sé tekið við frjálsum framlögum. Eigandi reiknings og ábyrgðarmaður er Páll Erlingsson, umsjónarkennari.

Reikn.nr. 0143-15-380852
Kennitala: 260965-5659

Reykjanesskaginn á krossgötum – þróun atvinnulífs í breyttu landslagi

Atvinnurekendur á Suðurnesjum er boðið til opins fundar í Stapa Hljómahöll, 31. janúar kl. 17.00–19.00.



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Hver er staðan og hvað hefur verið gert til að bregðast við þeim áskorunum sem atvinnulífið á Suðurnesjum stendur frammi fyrir? Hver er staða orku- og vatnsmála á svæðum utan Grindavíkur?

Kynningar verða frá:

- HS Veitum – Páll Erland, forstjóri
- HS Orka – Tómas Már Sigurðsson, forstjóri
- Landsnet – Halldór Halldórsson, öryggisstjóri
- Veðurstofa Íslands – Benedikt Halldórsson, fagstjóri jarðskjálftavár

Atvinnurekendur á Suðurnesjum eru hvattir til að mæta.

Fundarstjórar verða Berglind Kristinsdóttir og Guðmundur Gunnarsson.

Fundinum verði streymt beint á **facebook** síðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Víkurfrétta.



ISAVIA
KADECO



Þorrablót Suðurnesjamanna



Þorrablót Suðurnesjamanna var haldið í íþróttamiðstöðinni í Garði síðasta laugardagskvöld. Hátt í 700 manns skemmtu sér þar fram á nótt. Það er Knattspyrnufélagið Víðir og unglingaráð Reynis og Víðis sem standa að blótinu. Auddi og Steindi sáu um veislustjórn en meðal dagskráratríða voru Eypór Ingi, Prettyboitjokko og Made in Sveitin ásamt Stefani Svavars. Þá var fjöldasöngur sem Anton Guðmundsson stýrði og þorramatur frá Múlakaffi.



Fleiri myndir á vf.is


GRUNNMENNT

Vilt þú verða kennari, hársnyrtir, viðskiptafræðingur, rafvirki eða kannski eitthvað allt annað?

Langar þig að mennta þig?
Vilt þú öðlast trú á eigin getu til náms?

Þá gæti **Grunnmennt** verið fyrsta skrefið fyrir þig.
Góður stuðningur, hvatning og leiðsögn.

Námið hefst 12. febrúar.
Skráning á www.mss.is og í síma 421 7500



„GRUNNMENNT KENNDI MÉR
AÐ LÆRA UPP Á NÝTT.“

ÉG ÖBLADIST SJÁLFSTRAUST Í NÁMI
SEM ÉG HAFDI ALDREI UPPLIFAÐ ÁÐUR.

ÉG TALDI MIG EKKI GETA LÆRT
EN FRÁBÆRT STARFSFÓLK
MSS TÓK ÞAÐ EKKI Í MÁL.“

Á heimasíðu okkar www.mss.is
getur þú kynnt þér fjölbreytt úrval námskeiða
og bókað tíma hjá náms- og starfsráðgjafa þér að kostnaðarlausu.



verið velkomin á public deli

nýjan og glæsilegan veitingastað og verslun að Keilisbraut á Ásbrú



public
deli

fjölbreyttur matseðill

björkjúklingur, hollustuvefjur, hamborgarar, pizzur, salöt og fiskur ásamt fleiri réttum á.



grab&go

Komdu og gríptu með þér nýlagað kaffi og brauð frá kl. 8 alla morgna. Úrvalið kemur á óvart. Verslun opnar kl. 8 á morgnana og veitingastaður kl. 11. Opið til kl. 21 alla daga vikunnar.

opnunar tilboð

Um helgina: Kaldur á krana á 990 kr. af tilefni opunarinnar
Fimmtudagur: Allar vefjur á 30% afslætti
Föstudagur: Allar pizzur á 30% afslætti
Laugardagur: Rif á 30% afslætti
Sunnudagur: Grillaður kjúklingur á 30% afslætti
Laugardagur og sunnudagur: 30% afsláttur af Brunch á milli klukkan 11 og 14
Afsláttur af barnamatseðli: Allt á barnamatseðli á 790 kr. frá fimmtudegi til sunnudags og ískrap fylgir með í tilefni af opnunni



Fylgist með public deli á Facebook, Instagram og publicdeli.is



Nýliðanámsskeið í bridge í Reykjanesbæ

Félagsvist er góður grunnur að bridge en stóri munurinn liggur í sagntækninni

„Það er mikil aukning í bridge á Íslandi, það hefur verið fullt í öll nýliðanámsskeið undanfarin tvö ár,“ segir Grindvíkingurinn Gunnlaugur Sævarsson sem býr í Reykjanesbæ í dag. Gunnlaugur er einn besti bridge-spilari landsins og sýndi það svo um munaði um síðustu helgi, þegar hann lenti ofarlega bæði í tvímenningi og í sveitakeppni á stórrí bridge-hátíð sem haldin var í Hörpu. Hundruð spilara hvaðanæva úr heiminum mættu til leiks og var mótið geysisterkt.

Gulli eins og hann er jafnan kallaður, mun verða einn þeirra sem kennir á nýliðanámsskeiði sem Bridge-samband Íslands heldur í Reykjanesbæ, í samvinnu við Bridge-félag Suðurnesja. Námskeiðið hefst föstudagskvöldið 16. febrúar og verður haldið alls fimm föstudagskvöld.

„Það hefur verið mikil aukning í bridge á undanförunum árum. Bridgesamband Íslands fór í í herferð til að fjölga spilurum og það hefur gengið mjög vel, það hefur verið fullt á öll nýliðanámsskeið í Reykjavík að undanförunu og því var brugðið á það ráð að halda námskeið líka úti á landi. Þetta námskeið hentar bæði þeim sem eru nýlega búnir að læra spilið og líka er lögð áhersla á þá sem vita ekkert út á hvað bridge gengur. Ég var unglundur þegar ég byrjaði að horfa á pabba og félag hans spila og fékk strax mikinn áhuga. Mjög margir hafa spilað félagsvist, henni svipar vissulega til bridge, það er að segja sjálf spilið sem gengur út á að fá sem flesta slagi. Félagsvist er góður grunnur að bridge en stóri munurinn liggur í sagntækninni, að ná sér í góðan samning. Það er því sagntæknin sem aðal áherslan er lögð á á nýliðanámsskeiðinu, það kunna flestir sjálf spilið. Þegar maður er búinn að ná góðum tökum á sagntækninni, er það úrspilið sem er númer eitt, tvö og þrjú. Þá skiptir auðvitað máli að geta talið hversu mörg spil hafa komið út af viðkomandi spila-tegund, t.d. hve margir ásar hafa komið út. Það er tækni sem kemur með reynslu, eitthvað sem enginn þarf að vera hræddur um að geta ekki lært.“



Gunnlaugur er einn besti bridge-spilari landsins og sýndi það svo um munaði um síðustu helgi.

Gulli segir að stærsti munurinn á bridge og félagsvist sé kannski að spilari getur fengið léleg spil í hendurnar allt kvöldið en stendur kannski samt uppi sem sigurvegari, þar kemur sagntæknin nefnilega til sögunnar, líka að geta spilað góða vörn með lélegum spilum. „Ég hvet alla áhugasama til að mæta, við erum með frábæra aðstöðu á Nesvöllum, þar hittumst við öll miðvikudagskvöld og spilum en svo spila ég líka mikið í tölvunni og sæki öll helstu móti á Íslandi. Mér gekk vel á þessu stóra móti í Hörpunni og næsta stóra mót er svo Íslandsmótið sem er alltaf haldið á vorin. Ég hef nokkrum sinnum náð að verða Íslandsmeistari, síðast náði ég því í sveitakeppninni árið 2022 og stefni að sjálfsögðu á að landa þeim titli í vor, og svo er tvímenningurinn í haust,“ sagði Gunnlaugur að lokum.

Ágúst Ingibórs og Ingvi Ingibórs Ingasynir 80 ára

Þann 29. janúar 2024 fögnuðu tvíbúarnir Ágúst Ingibórs og Ingvi Ingibórs Ingasynir 80 ára afmæli sínu. Ingvi hélt upp á afmæli sitt 27. janúar í Hafnarfirði. Ágúst mun halda upp á sitt afmæli í Noregi með sínu fólki.

Starfsferill Ágúst

Stundaði sjómennsku sem ungur maður frá Keflavík og lauk Stýri-mannaskólanum 1975. Ágúst gekk inn í útgerð föður síns og sóttu þeir feðgar sjóinn á Erling KE 20 í nokkur ár. Upp úr 1976 flutti Ágúst til Noregs með tilvonandi eiginkonu sinni. Hann hóf nám í radiotæknifræði og lauk því með ágætum. Að námi loknu hóf Ágúst

störf hjá Electrolux í Noregi sem fólst aðallega í stjórn vélmenna. Verksmiðjan var lögð niður upp úr 2006 vegna harðrar samkeppni við austurblokkirnar sem voru að ganga inn í Evrópusambandið. Starfslok voru því hjá fyrirtæki sem framleiddi loftræstikerfi sem nýttu endurnýjanlega orku.

Starfsferill Ingva

Ingvi og Gústi slitu barnskónum í Keflavík. Eftir skyldunámið fór Ingvi á námssamning í rennismiði hjá Vélsmiðjunni Öðni í Keflavík og lauk sveinsprófi 1965. Þaðan lá leiðin í undirbúningsdeild Tækniskóla Íslands, sem var nýstofnaður, árið 1966 og lauk fyrri hluta námi

í tæknifræði. Í framhaldi hóf Ingvi nám í Tækniskóla Álaborgar 1968 og útskrifaðist sem véltæknifræðingur 1971 sem aðalfag straumvélur (túrbínur).

Haustið 1971 hóf Ingvi störf hjá HF Raftækjaverksmiðjunni Hafnarfirði (RAFHA) og starfaði sem véltæknifræðingur og aðstoðarforstjóri næstu átta árin með þáverandi forstjóra, Axel Kristjánssyni, en hann féll frá í júní 1979. Ingvi tók við forstjórastarfinu 1979 og gegndi því til 1989 en þá var grundvöllur brostinn og innlend framleiðsla gat engan veginn borið sig. Íslenska ríkið sem átt 33% eignarhlut í Rafha hafði ekki áhuga á breyttri starfsemi, t.a.m. innflutning og þjónustu.

Dýralæknastofa Suðurnesja 20 ára

- Kjósa að styrkja Grindvíkinga í stað veisluhalds

Í þessari viku, nánar tiltekið þann 31. janúar, eru tuttugu ár liðin frá því Dýralæknastofa Suðurnesja hóf starfsemi. Einn dýralæknir og einn aðstoðarmaður stóðu vaktina til að byrja með í tvo tíma á dag í litlu húsnæði á Hringbrautinni í Keflavík. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og nú starfa hjá stofunni sex starfsmenn, þar af tveir dýralæknar auk tveggja í hlutastarfi sem sinna öllum þeim fjölbreyttu verkefnum sem til falla.

Stofnendur stofunnar höfðu það að markmiði á sínum tíma að veita dýraeigendum á Suðurnesjum alla almenna dýralæknisþjónustu enda mikilvægt að geta sótt slíka þjónustu í heimabyggð. Undanfarnir ár hefur megináherslan verið á hunda og ketti en dýralæknar stofunnar fara einnig í vitjanir í hesthús og fjárhús á Suðurnesjum og jafnvel heimahús sé þess óskað.

Helgi Hólm, framkvæmdastjóri stofunnar, minnst á að þegar stofan var stofnuð hafi opunar-tíminn verið á milli fimm og sjö á daginn, eftir vinnutíma enda var starfsfólkið í annarri dagvinnu.

„Síðan þá hefur stofan vaxið og dafnað enda hefur gæludýrum



Starfsfólkið tekur dýrin sín stundum með í vinnuna – það gerir allt miklu heimilislega.



Dýralæknirinn Maja Stojchevska skoðar ungan hund og það fer vel á með þeim.



Þessi þrjú voru að koma með þrjú fallega hvalpa í heilsufarsskoðun. VF/JPK

fjölgað verulega samfara fólksfjölgun á svæðinu. Svo varð mikil aukning í Covid þegar næstum allir fengu sér félag,“ segir Helgi. „Stofan var fyrst á Hringbraut en árið 2008 flutti hún upp á Flugvelli og var þar þangað til að við fluttum í núverandi húsnæði í byrjun árs 2016. Við höfum reynt að gera aðstöðuna eins heimilislega og kostur er, enda á dýrunum og eigendum þeirra að líða vel hjá okkur.“

Á Dýralæknastofu Suðurnesja er mikið lagt upp úr því að hafa góðan tækjabúnað og er stofan er vel tækjum búin með blóðgreiningartækjum, myndgreiningartækjum (röntgen og sónar), svæfingartæki, laser til meðhöndlunar auk búnaðar til tannlækninga og Helgi segir að þrátt fyrir að vera eina dýralæknastofan á Suðurnesjum, og samkeppnin þar af leiðandi ekki mikil, þá berst orð-



Nýjasti tækjakostur stofunnar er fullkomlið tæki til myndgreiningar.

sporið víða og stofan fái marga viðskiptavini af höfuðborgarsvæðinu.

Þakklæti til allra dýraeigenda ofarlega í huga

„Í gegnum tíðina hefur stofan eignast marga góða fastakúna sem gerir starfið enn skemmtilegra og meira gefandi – og hefur starfsfólk stofunnar upplifað gleðistundir en einnig sorgarstundir með mörgum dýraeigendum. Á þessum tímamótum er þakklæti til allra dýraeigendanna ofarlega í huga,“ segir dýralæknirinn Hrunn Hólm, einn eigenda og stofnandi dýralæknastofunnar. „Til stóð að fagna tvítugsafmælinu með ýmsum hætti, m.a. með veisluhöldum og afsláttum, en fallið var frá þeim fyrirætlunum og hefur áætlaðri upphæð verið veitt í neyðarsöfnun fyrir Grindvíkinga, enda hefur stofan átt fjölmarga góða og trausta viðskiptavini úr Grindavík öll tuttugu árin.“

Afmælisterta verður þó í boði á afmælisdaginn og 20% afsláttur af föðri og ýmsu fleiru í afmælisvikunni,“ sagði Hrunn svo að lokum.



VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Vikurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

timarit.is



Tvíburaðurnir Ingvar og Ágúst.

Í byrjun árs 1990 náðust samningar við Ingva og stjórn Rafha um sölu á lager og nafni RAFHA með

því skilyrði að nýja félagið Rafha ehf. annaðist ábyrgðáþjónustu við eigendur tækja sem keyptu voru

í Rafha. Ingvi starfaði sem framkvæmdastjóri frá upphafi Rafha ehf. til 2016.

Nú er ný kynslóð tekin við stýrinu, börnin hans þrjú. Egill Jóhann sem framkvæmdastjóri, Sólveig Heiða sem bókeri og gjaldkeri og Kristinn Þór sem stjórnarformaður. Rafha ehf. er núna með sína verslun á Suðurlandsbraut 16, Kvík lager, ásamt samsetningu innréttinga í Ármúla 15 og leiguhúsnæði sem lager í Skeifunni 9.

Félagsstörf:

Ingvi gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir JC Hafnarfjörð þar á meðal ritari, gjaldkeri og lögsögumaður fyrir Landsstjórn JC Ísland á árunum 1973 til 1984. Ingvi var sæmdur Senator JCI 1988 sem er æðsta viðurkenning hreyfingarinnar.

Ingvi var kjörinn formaður Félags raftækjasala (innan Kaupmannasamtaka Íslands) 1988 til 2004. Sat líka í aðalstjórn samtakanna svo og í Samtökum verslunar og þjónustu.

Fjölskylda Ágúst:

Maki Ágúst er Borgný Seland f. 1946.

Börn:

Karl Ove f. 1978, giftur og á tvö börn.

Elín Edda f. 1980, gift og á tvö börn.

Kristin f. 1980, gift og á tvö börn.

Fjölskylda Ingva:

Kvæntist 1966 Sigríði Jónu Egilsdóttir f.1947 – skildu 2001

Börn:

Sólveig Heiða f. 1966 gift og á þrjú börn og eitt barnabarn.

Kristinn Þór f. 1969 giftur og á fimm börn og þrjú barnabörn. Egill Jóhann.

Systkini Ágúst og Ingva:

Ásrún I. Ingadóttir f. 1940, röntgentæknir, núna eldri borgari. Jóhann I. Ingason f. 1945, blikksmiður, núna eldri borgari. Þórir G. Ingason f. 1946, verkstjóri hjá hernum, núna eldri borgari.

Foreldrar:

Ingvi Þór Jóhannsson f.1916 d.2010, útgerðarmaður í Keflavík. Sigríður Narfheiður Jóhannesdóttir f.1914 d.2003, húsmóðir.

Grindavík og samfélagið á Suðurnesjum

Þegar þingið kom saman eftir jólahefningu hófst þingfundur á umræðum um málefni Grindavíkur. Ráðherrar og þingmenn í öllum flokkum töluðu svo til einum rómi um hvað þyrfti að gera fyrir Grindavíkina.

Fyrst og fremst þurfi að losa fólk frá undan fjárhagsþryðum og óþarfa áhyggjum og gæta að því að börnin fái fast land undir fætur í bókstaflegri merkingu með öryggi og rútínu skólagöngu og tómstunda.

Þegar þjóð stendur frammi fyrir samfélagsverkefni af þeirri stærðargráðu sem við Íslendingar gerum nú er farsælást að gera það í þverpólitísku samstarfi.

Lausnir sem duga

Það er samdóma álit okkar færasta fólks að það muni enginn búa í Grindavík næstu misserin. Það er áfall en að sumu leyti kostur að engin óvissa sé þar um því nú geta íbúar Grindavíkur einbeitt sér að lausnum fyrir sig og sína sem eiga að duga næstu misserin og ríki og sveitarfélög unnið með þeim að slíku.

Við þurfum að vinna saman að lausnum fyrir fólk í Grindavík og síðan fyrir fyrirtækin og rekstur bæjarins.

Það verkefni bíður svo þingheims að glíma við efnahagslegar afleiðingar lausnanna sem leggjast á þær sem fyrir eru. Þá munum við sennilega vilja fara ólíkar leiðir allt eftir pólitískum áherslum – en það þarf að gæta að því að allir leggi sinn sanngjarna hlut að mörkum í þeim eftirleik.

Í viðtali á Sprengisandi á Bylgjunni á dögunum talaði Pétur Hafstein Pálsson, framkvæmdarstjóri útgerðarfélagins Vísis í Grindavík, fyrir því að sveitarfélögin á Suðurnesjum sameinuðust í eitt.

Hann lagði til að við Suðurnesjamennta stækkuðum heimavöllinn og þá þyrftu Grindavíkingar ekki að flytja í annan bæ heldur bara á milli hverfa í sveitarfélaginu Suðurnes.

Ég tek undir þetta með Pétri. Einhvern veginn virðist þessi lausn blasa við í erfiðri stöðu.

Grindavíkurhverfi

Sveitarstjórnir hinna bæjanna á Suðurnesjum hafa bent á að nægar lóðir séu þar til fyrir íbúðir. Uppbygging einingahúsa að fyrirmynd Eyjabyggða væri upplögð.

Hefð er fyrir náinni samvinnu sveitarfélaganna á Suðurnesjum í gegnum samband sveitarfélaganna. Við eigum saman Fjölbrotaskóla Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og verkefnin á vegum SSS svo dæmi séu tekin.

Þjónustan er samtengd nú þegar og skrefið til sameiningar er ekki ýkja stórt.

Pétur benti á það augljósa, að Grindavíkingar eru ekki að flytja heim í brád. Þau þurfa að koma sér fyrir annars staðar og skapa eins góðan stöðugleika og mögulegt er um líf sitt. Ef stefnan yrði tekin á sameiningu sveitarfélaganna fjögurra á Suðurnesjum væri hægt að blása Grindavíkingum von í brjóst

og trú á framtíðina. Rekstur Grindavíkurbæjar er augljóslega í uppnámi og ýmis praktísk mál mætti leysa með sameiningu sveitarfélaganna.

Tökum höndum saman

Stjórnevöld leysa fólk frá undan fjárhagsáhyggjum sem þá geta farið að búa í haginn fyrir framtíðina. Finna þarf nothæfa lausn fyrir fyrirtækin líka sem þyrftu eftir sameiningu í mesta lagi að flytja sig um hverfi innan bæjar líkt og íbúarnir.

Og jafnvel þó að sameining yrði ekki formleg þá er skynsamlegt að byggja upp hverfi í hinum bæjunum á Suðurnesjum þar sem Grindavíkingar hafa forgang. Efnahagslega er það skynsamlegt en einnig svo samfélagið í Grindavík geti haldið saman og möguleikarnir á að halda utan um þau öll aukast. Sum þeirra vilja og geta kannski flutt heim til Grindavíkur eftir einhvern tíma og þá eiga þau að hafa það val.

Hamfarirnar í Grindavík kalla á að Suðurnesjamenn allir taki höndum saman.

Ráðherrar og þingmenn þvert á flokka eiga einnig að taka höndum saman og leggja fram lausnir sem duga fyrir fólk, fyrirtækin og samfélagið í Grindavík.

Oddný G. Harðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.



Dagur tónlistarskólanna – og hljóðfærakynning fyrir Forskóla 2

Tónlistarskólar landsins eru um 90 talsins og standa fyrir fjölbreyttu og öflugum skólaförum. Hátiðisdagur þeirra, „Dagur tónlistarskólanna“, er haldinn 7. febrúar ár hvert. Þann dag fæddist Gylfi Þ. Gíslason sem var menntamálaráðherra frá 1956 til 1971 en hann hefur gjarnan verið kallaður „faðir íslenskra tónlistarskólanna“. Gylfi kom því í gegn á ráðherratíð sinni að sveitarfélög sem hefðu hug á því að stofna tónlistarskóla fengju til þess styrk úr ríkissjóði sem næmi 25% af launakostnaði. Síðar var hann aðalhvatamaðurinn að því að launaframlag ríkisins var aukid í 50% sem varð sveitarfélögum enn meiri hvatning til að stofna tónlistarskóla og þá fjölgaði þeim umtalsvert. Íslenskt tónlistarlíf og -menntun mun alla tíð búa að framsýni Gylfa Þ. Gíslasonar og áhuga hans á aukinni, markvissri tónlistarmenntun þjóðarinnar.

Í tilefni af Degi tónlistarskólanna hafa íslenskir tónlistarskólar efnt til ýmis konar viðburða og/eða kynninga í gegnum tíðina með það að markmiði að auka sýnileika og styrkja tengsl við nærsamfélagið. Tónlistarskólí Reykjanesbæjar hefur ekki verið eftirbátur annarra í því og hefur alla tíð haldið þessum degi á lofti.

Miðvikudaginn 7. febrúar n.k. verður haldinn einn af hinum reglubundnu „17:30 nemendatónleikum“ skólans en vegna þess að tónleikana ber upp á Dag tónlistarskólanna verða þeir veglegri en oftast áður. Að sjálfsögðu eru allir velkomnir.

Veislan heldur áfram og í tilefni af Degi tónlistarskólanna efnir skólinn til hljóðfærakynningar í Tónlistarskólanum laugardaginn 10. febrúar n.k. fyrir nemendur í Forskóla 2, sem eru öll börn í Reykjanesbæ í 2. bekk grunnskólanna. Dagskráin hefst

kl.10:30 í Rokksafni Íslands í Hljómahöll með stuttum tónleikum forskólanemendanna þar sem þeir flytja tvö hressileg lög við undirleik kennarahljómsveitar tónlistarskólans. Að tónleikum loknum fá forskólanemendurnir kynningar í stofum tónlistarskólans á þeim hljóðfærum sem hæfir ungum börnum að hefja nám á að forskólanáminu loknu. Það verða kennarar skólans sem sjá um kynningarnar. Nemendur forskólans fá jafnframt að prófa hljóðfærin og munu tónlistarkennararnir leiðbeina þeim. Hljjóðfærakynningunni lýkur kl. 12:15 og þar með dagskráin.

Haraldur Árni Haraldsson, skólalastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

ÓLAFUR ÞORGILS GUÐMUNDSSON,
málarameistari,
Krossmóa 5, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 22. janúar.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 9. febrúar klukkan 13.

Guðlaug Fríða Bárðardóttir
Viðar Ólafsson **Róberta Bára Maloney**
Sveinbjörg Sigríður Ólafsdóttir **Kjartan Ingvarsson**
barnabörn og barnabarnabarn

Elskulegur bróðir minn og frændi,

OLIVER BÁRDARSON,
áður til heimilis að Fífumóa 1b, Njarðvík,

lést á Hrafnistu Hlévangi sunnudaginn 21. janúar.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 2. febrúar klukkan 13.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs og HSS fyrir kærleiksrika umönnun.

Guðlaug Bárðardóttir
og systkinabörn

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ELÍN GUÐNADÓTTIR,
Stapavöllum 14, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 21. janúar

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaginn 5. febrúar klukkan 13.

Elínborg Ellertsdóttir **Bjarne P. Svendsen**
Vigdís Ellertsdóttir
Björn Viðar Ellertsson **Helena Guðjónsdóttir**
Ómar Ellertsson **Árni Kr. Einarsson**
barnabörn og barnabarnabörn

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HÁKON ÞORVALDSSON,
Njarðarvöllum 6, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum laugardaginn 20. janúar.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 6. febrúar klukkan 13.

Birgir Vilhjálmsson **Ólafía Sigríður Friðriksdóttir**
Hildur Hákonardóttir **Hákon Matthíasson**
Hilmar Hákonarson **Þórunn Guðmundsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn



Kvennalið Grindavíkur hefur staðið storminn af sér

„Ég ætla bara að einbeita mér að þessu tímabili,“ segir Hulda Björk Ólafsdóttir, fyrirliði körfuknattleiksliðs Grindavíkur, en tímabilið sem nú er í gangi hefur ekki verið líkt neinu öðru hjá Grindvíkingum. Fyrstu vikurnar eftir fyrri rýminguna 10. nóvember var æft á nokkrum stöðum en undanfarnar vikur er komin meiri rútína á hlutina. Liðinu hefur gengið vel og tók ekki neina dýfu eftir hamfarirnar.

Hulda er ánægð með hvernig liðið hefur náð að halda sjó eftir þessar miklu breytingar. „Þetta var mjög krefjandi til að byrja með. Við æfðum á nokkrum stöðum en undanfarnar vikur höfum við æft í Smáranum, þar sem við spilum okkar heimaleiki, og í Akurskóla í Innri-Njarðvík. Þakklæti er mér efst í huga og þökkum við öllum félögum sem hafa boðið okkur aðstoð sína og Smáranum sem greip



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson sigurbjorn@vf.is

okkur og setti okkur undir sinn verndarvæng. Ég og mín fjölskylda höfum verið í Reykjanesbæ allan tímann, frændi minn bauð okkur að flytja inn í íbúðina sína og erum við honum ævinlega þakklát, algjört gull af manni.



Ég var farin að hlakka til að geta flutt aftur heim en eftir síðustu hamfarir er maður smá smeykur við tilhugsunina. Við vitum í raun ekkert hvað verður og verðum bara að taka einn dag fyrir í einu. Eins varðandi framtíð Grindavíkur í körfu, hvort við spilum áfram undir merkjum Grindavíkur eftir þetta tímabil eða ekki, þá leyfi ég sjálfri mér ekki að hugsa lengra og ég vil í raun bara einbeita mér að þessu tímabili og njóta þess að fá að spila fyrir Grindavík, bæinn minn og fólk mitt. Við erum með gott lið og eigum góðan möguleika á að vinna titla í vetur.“

Grindavíkurlíðið búið að styrkjast

Lið Grindavíkur er á sínu þriðja tímabili í efstu deild og hefur vakið verðskuldaða athygli. Liðið er byggt upp á heimastúlkum sem hafa æft og keppt lengi saman, auk þriggja öflugra, erlendra leikmanna og hugsanlega gæti annar bandarískur leikmaður verið að bæstast í hópinn því Daniele Rodriguez fékk nýlega íslenskan ríkisborgararétt. „Ég er búin að æfa, keppa og vinna titla með grindvísku stelpunum og í raun alist upp með þeim. Við Hekla Eik höfum unnið fjölmarga titla saman og þekkjum hvora aðra út og inn. Hekla er hörku-leikmaður og gerir svo mikið fyrir liðið okkar. Hún hefur því miður verið meidd að undanförunni og verður mikill styrkur fyrir okkur að fá hana til baka, vonandi sem fyrst. Það var ákveðið að skipta öðrum Evrópuleikmanninum út og við fengum hina dönsku Sarah Sofie Mortensen í staðinn, hún er systir Daniels sem leikur með karlaliðinu. Hún hefur smellið vel inn í þetta hjá okkur og er virkilega flottur karakter. Við höfum möguleika á því að bæta við okkur bandarískum leikmanni en mér list vel á liðið eins og það er núna. Við eigum Heklu Eik inni og vorum að fá frábæran leikmann, Dagnýju Lísu Davíðsdóttur, frá Fjölni. Hún er búin að vera frá vegna meiðsla í ár og er bara nýlega byrjuð svo hún á helling inni. Ég hlakka til seinni helmings tímabilsins,“ sagði Hulda að lokum.



Hulda á fleygiferð í leik gegn Fjölni sem leikinn var í Grindavík fyrir á þessu tímabili. VF/JPK

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Vinnuskóli Reykjanesbæjar

Forstöðumaður
Leiðbeinandi Vinnuskóla Reykjanesbæjar
Leiðbeinandi ungmenna með sértækar stuðningsparfir
Umsjónaraðili samskipta
Umsjónaraðili verklegs starfs

Önnur störf

- Akurskóli - Umsjónarkennari á miðstigi
- Leikskólinn Holt - Leikskólastjóri
- Velferðarsvið - Starfsmaður í frístundastarfi (Skjólíð)
- Velferðarsvið - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn
Hefur þú áhuga á að starfa við liðveislu?

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



1X2 „PRUMAÐ Á ÞRETTÁN“

Marteinn gorgeir staldraði stutt við

Þrátt fyrir digurbarkalegar yfirlýsingar staldraði Vogameistarinn Marteinn Ægisson stutt við á toppi tipleiks Víkurfréttu. Orðrétt sagði Marteinn þetta um viðureign sína við Gísli Hlyn Jóhannsson: „Gísli var ljónheppinn, ég var yfir í hálfleik og hvernig átti ég að vita að það vantaði þrjá bestu í Lincoln.“ Árinna kennir illur ræðari segir einhvers staðar, Marteinn hefur því lokið leik og náði ekki að blanda sér í toppbaráttuna, er í sjötta sæti af átta keppendum en andstæðingur hans um síðustu helgi, Gísli, á pottþétt eftir að keppa einu sinni því hann er á stallinum. Marteini er annars þökkud þátttakan.

Úrslitin í bikarnum þessa helgi voru greinilega óvænt, einungis náðu sjö tipparar í heildina þrettán réttum og fær hver um sig rúmar ellefu milljónir í sinn hlut. Enginn Íslendingur varð ríkari og einungis þrjár Íslendingar af 185 fengu tólf rétta og fær hver tæpar 160 þúsund krónur inn á reikninginn sinn.

Áskorandi vikunnar er Suðurnesjabæingurinn Ævar Jónasson en hann hefur unnið hjá Nesfiski allar götur síðan 1995 þegar hann flutti í Sandgerði en hann er fæddur og uppalinn á Siglufirði. Ævar byrjaði að tippa í kringum árið 1970, þegar hann bjó á Selfossi.

„Ég var að hjálpa til með getraunastarfið á Selfossi þegar ég bjó þar og byrjaði þá sjálfur að tippa. Þá var þetta með öðru sniði en í dag, þá voru seðlarnir í bréfformi og þurfti að rífa annan helminginn af og skila til íslenskra getrauna. Hægt var að kaupa mismunandi miða sem afmörkuðust með litum, sá ljósblái var bara með einu merki ef ég man rétt og svona voru nokkrir litir á miðunum, allt

eftir því hversu margar tví- og þrítryggingar voru á viðkomandi miða og miðinn því dýrari. Ég flutti síðan vestur frá Selfossi en hef búið í Sandgerðishluta Suðurnesjabæjar síðan 1995. Ég hef unnið hjá Nesfiski síðan þá og er í dag titlaður sem framleiðslustjóri.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á enska boltanum og byrjaði að halda með þeim ljósbláu í Manchester City þegar þeir voru upp á sitt besta í kringum 1968. Blómaskeið þeirra stóð ekki lengi þá og auðvitað voru mörg mögur ár sem fylgdu en í dag er þetta ofboðslega vel rekinn klúbbur. Ég myndi segja að við berum höfuð og herðar yfir önnur lið í Englandi, hvað þá rauðu nágrannana okkar. Við hjá Nesfiski höfum tippað okkar á milli undanfarnar ár, þar leyfum við fjórar tvítryggingar og er ég efstur á núverandi tímabili og hef unnið þennan leik okkar nokkrum sinnum. Þeir eru nokkrir í leiknum sem halda með Manchester United. Ég viðurkenni fúslega að ég hef gaman af því að núna þeim upp úr mismunandi gengi liðanna. Það kemur mér á óvart hve lélegir tipparar þeir eru, sérstaklega virðist Leifur Guðjónsson aldrei hafa iðkað þennan skemmtilegra leik,“ sagði næsti áskorandi.

Gísli Hlynur var aldrei á leiðinni að fara fagna sigrinum gegn Marteini. „Ég lít nú ekki á þetta sem eitthvað afrek, að hafa unnið Marteinn. Þar sem hann var með svona yfirlýsingar fyrirfram kom lokandiurstaðan mér í raun ekkert á óvart. Ég hef tamið mér að vera hógvæ og mun halda því áfram í þessum skemmtilega tipleik Víkurfréttu. Mér list vel á að andstæðingurinn komi úr Suðurnesjabæ, það er bara gott fólk sem kemur þaðan,“ sagði nýi tippmeistarinn að lokum.

Gísli	Seðill helgarinnar	Ævar
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Utd. - Aston Villa	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Brighton - Crystal Palace	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Burnley - Fulham	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Newcastle - Luton	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Blackburn - Q.P.R.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Huddersfield - Sheff.Wed.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Hull - Millwall	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Norwich - Coventry	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Preston - Ipswich	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Rotherham - Southampton	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Stoke - Leicester	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Swansea - Plymouth	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Watford - Cardiff	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>

Umfjöllun um árangur íþróttafólks Suðurnesja á RIG og fleiri mótum er að finna á vf.is



vf.is

ERTU AÐ FARA AÐ BYGGJA?



Sökkulkerfi fyrir allar tegundir húsa

Myglar ekki!



CE vottað



Stuttur afhendingartími



Einfalt
Fljótlegt
Endingargott
Ódýrt



Íslenzk hönnun, íslenzk framleiðsla
fyrir íslenzkar aðstæður

Haltu kyndikostnaði niðri með húskubbum frá Polynorth

Eigum húskubba fyrir bæði sökkla og veggj á lager

Sjáumst á
Verk og vit 2024
18. - 21. apríl



A. Halldórsson 2024.



Óseyri 4 - 603 Akureyri - Sími 857 7799 - Kt: 660887-1649 - polynort@polynorth.is - www.polynorth.is

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA 10-50% AF ÖLLUM VÖRUM*

HEILSUDÝNUR
HVÍLDARSTÓLAR
SÓFAR
HANDKLÆÐI
SLOPPAR
GJAFAVARA
O.MFL.



*nema af umboðssöluvörum

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Svefn & heilsa



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



Listhúsið Laugardal - Reykjavík



Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233 | Baldursnesi 6, Akureyri
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00 | Laugardaga 12:00 - 16:00



Leita að nafni á bæjarhátíð í Suðurnesjabæ

Ferða-, safna- og menningarráð Suðurnesjabæjar leggur til að bæjarhátíð sé haldin vikuna 26. ágúst til 1. september 2024. Teymi með starfsmönnum Suðurnesjabæjar og fulltrúum frá félagasamtökum munu sjá um skipulagningu hátíðarinnar.

Ráðið óskar eftir hugmyndum um nafn á bæjarhátíðina í Suðurnesjabæ frá íbúum í gegnum íbúavefinn betri Suðurnesjabæ

en opnað verður fyrir innsendingu á næstu dögum og tillögum skal hafa verið skilað inn fyrir 1. apríl.

Nafnið skal vera nýtt og má ekki hafa verið notað yfir hátíðir innan Suðurnesjabæjar áður. Ferða-, safna- og menningarráð biðlar því til bæjarbúa að koma með hugmynd af nafni ásamt rökstuðningi þ.e. hver er sagan á bak við hugmyndina.



Daglegar
fréttir á vf.is



Mundi

Þar sem Suðurnesjabæ er norðan við Reykjanesbæ, þá liggur í augum uppi að bæjarhátíðin á að heita **Norður-Ljósanótt!**

Væri það ekki gaman?

Við hjónin, bæði komin á eftirlaun, ákváðum að fara í sjálfskipaða útleð nú í vetur. Leiðin lá til Spánar þar sem við leigðum okkur lítið hús ofan í djúpu gili, innan um geitahjörð og aðra innfædda. Meðal íbúa þar eru tvær ungar og þröttmiklar stúlkur sem búa við hlíðina á okkur. Við sjáum ekki mikið af þeim í miðri viku en þær fara sínum fram um helgar, þurfa mikið að ræða málin á milli þess sem þær leika sér af krafti.

Hér á Spáni eru allskonar dýr-lingadagar sem fyrir okunna er erfitt að henda reiður á. Nýlega voru tveir svoleiðis í röð og frí hjá stelpunum í skólanum. Ég spurði þær hvers vegna það væri frí núna. Það stóð ekki á svörum. „Kennararnir þurfu frí frá okkur í dag, við erum of duglegar. Myndir þú ekki þurfa frí frá okkur ef þú værir að kenna okkur alla daga?“ „Jú, það held ég bara,“ svaraði ég.

Börn virðast oft vera talsvert skýrari en við fullorðna fólkið og ekki fyrir það að flækja málin að óþörfu. Fyrir stúlkunum lá þetta ljóst fyrir og þær sýndu kennurum

sínum fullan skilning á því álagi sem þær ollu þeim. Ég fór að hugsa hvað það væri bæði gott og gaman ef við fullorðna fólkið gætum, þó ekki nema smávægis, vakið upp barnið í okkur og einfaldað okkur heimsmyndina og lífið – en það er sennilega barnaleg hugsun.

Ég heyrði nýlega sögu af tveimur sex ára strákum sem ákváðu að gera grín í kennurum sínum, láta þá ekki þekkja sig í sundur. Þeir fengu sér eins föt, greiddu sér eins og voru vissir um að hrekkurinn myndi rugla kennarana í rýminu, sérstaklega vegna þess að þeir töldu sig vera alveg eins. Það gerðist ekki, þeir höfðu ekki áttað sig á að þeir voru ekki eins á litinn þó þeir byggju í sömu húsaröð.

Þannig er þetta líka með okkur fullorðna fólkið, við erum öll eins þó litarháttur og uppruni geti verið mismunandi. Sama hvar í veröldinni við búum eigum okkar sömu vonir, sömu þrár. Þrána um að fá að lifa lífi okkar með reisu, með von um að geta verið partur af samfélagi þar sem við leggjum okkar af mörkum.

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

Væri það ekki gaman ef okkur auðnaðist, svipað og stúlkunum tveimur á Spáni, að vera ekki að þvæla hlutina – og svipað og drengirnir tveir sem voru að hefja skólagönguna, að gera ekki greinarmun á manneskjum sökum húðlitar og uppruna. Að gefa þeim sem neyta hvers færís til að koma upp á milli manna, á forsendum húðlitar, búsetu og trúabragða, frí svo við hin getum gert okkar besta við það stutta líf sem við eigum á þessari jörð. Að búa til betri heim. Það væri allavega til þess vinnandi þó um einhverjum finnist það barnaleg hugsun.

Drífandi og grænn verkefnastjóri

Við leitum að metnaðarfullum og drífandi einstaklingi í starf **verkefnastjóra Iceland Eco Business Park (Græni iðngarðurinn)** á Suðurnesjum. Iceland Eco Business Park hefur að markmiði að byggja upp fjölbreytta og græna iðnaðarstarfsemi í húsnæði sem áður var ætlað undir álver Norðurláls. Við höfum einsett okkur að verða leiðandi sjálfbært samfélag fyrir öflug innlend og erlend fyrirtæki sem vilja nýta sér einstaka staðsetningu, íslenskar náttúruauðindir og hraðvaxandi atvinnu- og íbúasvæði.

Verkefnastjóri mun starfa með framkvæmdastjóra að framkvæmdum við uppbyggingu Iceland Eco Business Park (Græna iðngarðinn) á Suðurnesjum. Um er að ræða 28.000 fermetra húsnæði þar sem fyrsti áfangi framkvæmda verður frágangur um 10.000 fermetra.

Helstu verkefni:

- Gerð verk-, kostnaðar- og framkvæmdaáætlana og eftirfylgni með þeim, í samráði við framkvæmdastjóra.
- Samskipti og samstarf við verktaka og hönnuði, eftirlit með framvindu, utanumhald teikninga og fleira.

Hæfniskröfur:

- Menntun í byggingarverkfræði, byggingartæknifræði, byggingafræði, eða sambærileg þekking tengd mannvirkjagerð og byggingastjórn.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun framkvæmda.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kjartan Eiríksson framkvæmdastjóri IEBP.

Umsókn ásamt starfsferilskrá sendist til kjartan@iebp.is fyrir 15. febrúar 2024.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



ICELAND
ECOBUSINESS
PARK